

Ársskýrsla Keilusambands Íslands

1994 – 1995



**2. þing KLÍ
29. apríl 1995**

DAGSKRÁ 2. PINGS KLÍ

laugardaginn 29. apríl kl. 10:00

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

- 1 Pingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd.
 - b) Fjárhagsnefnd.
 - c) Laga- og leikreglnanefnd.
 - d) Allsherjarnefnd.
 - e) Kjörnefnd.
- Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

PINGHLÉ

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
- 10 Önnur mál.
- 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fulltrúa á íþróttapíng ÍSÍ.
- 12 Kosnir 3 menn í dómstól og 3 til vara.
- 13 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
- 14 Þingslit.

SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS, KLÍ

Frá 1. maí 1994 – 29. apríl 1995

2. ársþing KLÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 29. apríl 1995

STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Haraldur Sigursteinsson
<i>Varaformaður</i>	Guðmundur J. Kristófersson
<i>Gjaldkeri</i>	Ingiber Óskarsson
<i>Ritari</i>	Sigurjón Harðarson
<i>Fundaritari</i>	Ásgeir Þór Þórðarson
<i>Varamenn:</i>	Hafsteinn Sigurvinsson Tómas Tómasson Valgeir Guðbjartsson

DÓMSTÓLL

<i>Aðalmenn:</i>	Guðjón Ólafsson Friðrik Ólafsson Jónas Gunnarsson
<i>Varamenn:</i>	Helga Sigurðardóttir Ingimundur Helgason Þórður Tyrfingsson

ENDURSKOÐENDUR

Guðni Gústafsson
Pétur Helgason

NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Aganefnd		Tækninefnd	
<i>Formaður:</i>	Tómas Tómasson Ásgeir Ásgeirsson Guðný Gunnarsdóttir Halldór Snorrason Halldór R. Þorkelsson	<i>Formaður:</i>	Ásgeir Þórðarson Bjarni Sveinbjörnsson Björn G. Sigurðsson Ólafur Kristjánsson
Landsliðsnefnd		Unglinganefnd	
<i>Formaður:</i>	Þórir Haraldsson Halldór Sigurðsson Theódóra Ólafsdóttir	<i>Formaður:</i>	Sigurjón Dyer Hjalti Garðarsson Ingiber Óskarsson
Mótanefnd		Upplýsinganefnd	
<i>Formaður:</i>	S. Unnur Vilhjálmsdóttir Bragi Már Bragason Ólafur Sólmundarson	<i>Formaður:</i>	Ingimundur Helgason Emil Hilmarsson Gunnar Gunnarsson
Nafnanefnd		Meðalskorritari	
<i>Formaður:</i>	Sigurjón Magnús Egilsson Ingimundur Helgason Emil Hilmarsson Gunnar Gunnarsson		Gunnar Gunnarsson

INNGANGUR

Það verður ekki sagt að stjórnarstöfin hafi verið alveg hefðbundin á liðnu keppnistímabili. Fyrri hlutann gekk á ýmsu í málefnum keilusalanna og síðan einkendist veturinn að verulegu leyti af undirbúningsvinnu fyrir Norðurlandamótið þannig að minni tími var til annarra starfa. Stjórnin kom vikulega saman til fundar og oftar ef þörf var á. Nefndir störfuðu allar á árinu en þar sem viða annarsstaðar eignum við eftir móta störfin enn betur. Í upphafi tímabilsins tilnefndu félögin menn til nefndarstarfa og tókst það bærilega en þó fór svo að ekki tókst að fullskipa mótanefndina. Vetrarstarfið tókst þó án mikilla áfalla en við vitum öll um hluti sem við viljum gera betur jafnt í vinnu sem keppni. Það er jafnljóst nú og áður að það er alltaf þörf fyrir þá sem vilja vinna með öðrum og taka þátt í uppbyggingu íþróttarinnar með jákvæðu hugarfari.

KEILA Á KEPPNISTÍMABILINU 1994 – 1995

Á þessu öðru keppnistímabili Keilusambands Íslands var keila iðkuð hjá átta félögum frá fjórum sveitarfélögum. Síðastliðið haust voru stofnaðar keiludeildir hjá fjórum rótgrónum íþróttafélögum, ÍR, Fylki, HK og Íþróttafélagi heyrnarlausra, ÍFH. Fyrir voru KFR og KR í Reykjavík, KGB í Garðabæ og KFS á Suðurnesjum. Þrátt fyrir lítillega fækkun skráðra keilara virðist starf hinna virku vera að eflast.

Tafla 1, Keilufélög og deildir, fjöldi skv. kennsluskýrslum 1994

Félag	Sveitarfélag	Stofnað	Fjöldi félagsm.	Konur		Karlar	
				< 16 ára	> 16 ára	< 16 ára	> 16 ára
Samtals			761	65	162	123	411
KFR	Reykjavík	10. sept. 1985	401	31	92	64	214
KGB	Garðabæ	25. maí 1989	150	5	27	17	101
KFS	Keflavík	31. júlí 1989	127	24	31	12	60
KR	Reykjavík	27. júní 1990	83	5	12	30	36
HK	Kópavogur	1994					
ÍR	Reykjavík	1994					
ÍFH	Reykjavík	1994					
Fylkir	Reykjavík	1994					

KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í þrem keilusölum í vetrur:

- *Keiluhöllinni í Öskjuhlíð*, þar sem eru 18 brautir. Þar var unnið að miklum endurbótum síðastliðið haust, brautirnar slípaðar, komið var fyrir nýjum boltarennum „underlane“ og tölvuskor sett á 12 brautir.
- Nýjum keilusal, *Keila í Mjódd*. Þar eru tíu brautir með nýju ítölsku tölvuskori. Keilusalurinn í Mjódd var áður Keiluland í Garðabæ en var fluttur á síðastliðnu sumri og brautirnar þá slípaðar.
- *Keilubæ í Keflavík*, sex brauta salur í eigu Keilufélags Suðurnesja.

REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Meistarakeppni KLÍ í september
 - Íslandsmót 4ra manna liða í október – apríl
 - Íslandsmót í tvímenningi í desember
 - Íslandsmót para í febrúar
 - Íslandsmót einstaklinga í mars
 - Bikarkeppni liða í nóvember – apríl
 - Haustmót unglinga, október – desember
 - Vormót unglinga í janúar – apríl
 - Íslandsmót unglinga í mars – apríl

Íslandsmót í tvímenningi deildarliða var frestað þar sem ekki reyndist unnt að spila mótið með sama fyrirkomulagi og áður vegna plássleysis. Nú á þinginu er gerð tillaga um breytingu á því móti.

Íslandsmót deildarliða er umfangmesta keppnin innan KLÍ. Félögin sendu 53 lið til keppni og hafa þau aldrei verið fleiri. Í vetur var leikið heima og heiman og léku deildirnar því ekki samtímis í sama húsi. Þetta vakti óánægju í kvennadeild og því er gert ráð fyrir breytingu þar til fyrra skipulags.

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 1994 – 1995

Felög	1. delid karla	1. delid kvænnu	2. delid karla	3. delid karla	Samtals
KFR	3	6	6	5	20
KGB	1	-	2	4	7
KR	2	1	3	-	6
KFS	1	3	1	5	10
ÍFH	-	1	-	1	2
HK	-	-	-	1	1
ÍR	2	1	-	3	6
Fylkir	1	-	-	-	1
Samtals	10	12	12	19	53

Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

- | | | |
|-------------------------|--|---|
| 1. deild karla: | 1. sæti KR a
2. sæti Keilulandssveitin
3. sæti PLS | Íslandsmeistar liða
Deildarmeistarar 1. deildar KR a
Úr fyrstu deild fellu Keiluvínir (9. sæti) og Egilsliðið (10. sæti). |
| 1. deild kvenna: | 1. sæti Afturgöngurnar
2. sæti Flakkarar
3. sæti Bomburnar | Íslandsmeistarar liða |

2. deild karla:	1. sæti ET 2. sæti Keiluböðlar 3. sæti JP-Kast	Íslandsmeistarar 2. deildar
------------------------	--	-----------------------------

Úr annari deild félru KR d (11. sæti) og KR e (12. sæti).

3. deild karla:	<i>A-riðill:</i> Stórkotaliðið Topp sveitin	<i>B-riðill:</i> Ólarnir Sveitamenn
------------------------	---	---

<i>Úrslitakeppnin:</i> 1. Ólarnir 2. Stórkotaliðið 3. Sveitamenn	Íslandsmeistarar 3. deildar
---	-----------------------------

ÍSLANDSMÓT PARA

Íslandsmóti para lauk sunnudaginn 26. febrúar 1995.

Alls tóku 20 pör þátt í mótinu.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

1. sæti Matthildur Baldursdóttir KFR og Ásgrímur H. Einarsson KFR – Íslandsmeistarar para '95
2. sæti Heiðrún B. Þorbjörnsdóttir KFR og Jón Bjarki Sigurðsson KFR
3. sæti Sigurlín J. Baldursdóttir KFR og Halldór Ragnar Halldórsson ÍR

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI (í desember)

Íslandsmóti í tvímenningi lauk 20. desember 1994.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

1. sæti Ásgeir Þ. Þórðarson ÍR og Halldór R. Halldórsson ÍR – Íslandsmeistarar í tvímenningi '94
2. sæti Björn G. Sigurðsson KR og Davið Löve KR
3. sæti Jón H. Bragason KFR og Ingimundur Helgason Fylki

MEISTARAKEPPNI KLÍ

Karlar: 1. sæti Lærlingar	Konur: 1. sæti Afturgöngurnar
2. sæti PLS	2. sæti Flakkarar

BIKARKEPPNI LIÐA KLÍ

Karlar: 1. sæti Þróstur	Konur: 1. sæti Afturgöngurnar
2. sæti ET	2. sæti Flakkarar

HAUSTMÓT UNGLINGALIÐA

1. sæti Keilufélag Suðurnesja
2. sæti KR

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga lauk laugardaginn 11. mars 1995.

Keppt var í þrem flokkum kvenna og karla.

Alls tóku 126 einstaklingar þátt í mótinu, 101 í karlaflokki og 25 í kvennaflokki.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Meistaraflokkur kvenna

1. sæti Ágústa Þorsteinsdóttir KFR – Íslandsmeistari kvenna 1995
2. sæti Elín Óskarsdóttir KFR
3. sæti Heiðrún Bára Þorbjörnsdóttir KFR

Meistaraflokkur karla

1. sæti Ásgeir Þór Þórðarson ÍR – Íslandsmeistari karla 1995
2. sæti Valgeir Guðbjartsson KFR
3. sæti Björn G. Sigurðsson KR

1. flokkur kvenna

1. sæti Halldóra Brynjarsdóttir KFR
2. sæti Sigurlaug Jakobsdóttir KR
3. sæti Erla Ívarsdóttir KFR

1. flokkur karla

1. sæti Jóhann Gylfi Gunnarsson KFR
2. sæti Þorleifur Jón Heiðarsson HK
3. sæti Nicholas Anthony Cathcart -Jones KFR

2. flokkur kvenna

1. sæti Kristjana P. Kristjánsdóttir KFS
2. sæti Sirrý Hrönn Haraldsdóttir KFR
3. sæti Jónína Ólöf Sighvatsdóttir ÍR

2. flokkur karla

1. sæti Jóhann Sigurbjörnsson ÍR
2. sæti Alfreð Maríusson KGB
3. sæti Hjörvar Ingi Haraldsson KFR

Íslandsmeistarar í meistaraflokki unnu sér inn ferð til Hollands og rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem fram mun fara í Scheveningen 15.-17. sept. '95.

Verðlaunadreifing á milli félaga varð eftirfarandi:

Keilumélag	Gull	Sílfur	Brons	Samtals
KFR	3	3	4	10
KFS	1	-	-	2
KR	-	1	1	2
ÍR	2	-	-	2
HK	-	1	-	1
KGB	-	1	-	1
Samtals	6	6	6	18

ÍSLANDSMÓT UNGLINGA

Íslandsmóti unglings lauk í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð sunnudaginn 19. febrúar 1995.

Mjög góð þátttaka var í mótinu en alls kepptu áttatíu unglings í fimm flokkum pilta og stúlkna, skipting á milli keilufélaga var eftirfarandi:

Láttakendur	Drengir	Sniðken	Hálfslitaleikjning %
ÍR	15	1	20,0
KFR	17	7	30,0
KFS	16	9	31,3
KGB	0	1	1,3
KR	13	1	17,5
Samtals	61	19	80
	76,3 %	23,8 %	

Í yngri flokkunum, 4. og 5. flokki, voru spilaðir 8 leikir og réðust úrslit samkvæmt heildarskori (ekki úrslitakeppni).

Í 1. – 3. flokki voru spilaðir 12 leikir í forkeppni og síðan voru úrslit þriggja efstu í hverjum flokki, úrslitaleikurinn er tvöfaldur. Mikil spenna var í úrslitaleikjunum og réðust úrslit oft ekki fyrr en í síðasta ramma. Unglingarnir sýndu frábæra leiki þó svo að þeir séu ekki vanir slíkri pressu sem fylgir úrslitaleikjum og eru hér margir efnilegir keilarar á ferðinni.

ÍSLANDSMEISTARAR UNGLINGA Í KEILU 1995 ERU:

Í 1. flokki, 17 – 18 ára

Sigrður Rut Hilmarsdóttir KR
Arnar Halldórsson KFR

Í 2. flokki, 15 – 16 ára

Heiðrún Ragnarsdóttir KFR
Hjörvar Ingi Haraldsson KFR

Í 3. flokki, 13 – 14 ára

Edda Lára Lárusdóttir KGB
Steinþór Geirdal KFS

Í 4. flokki, 11 – 12 ára

Íris Bjarnadóttir KFS
Alex Carl Brand ÍR

Í 5. flokki, 10 ára og yngri

Ingibjörg Þórisdóttir KFR
Andri Þór Halldórsson KFR

Verðlaunadreifing á milli félaga varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Sílfur	Bronz	Samtals
KFR	5	3	3	11
KFS	2	4	3	9
KR	1	1	1	3
ÍR	1	1	1	3
KGB	1			1
Samtals	10	9	8	27

NORÐURLANDAMÓT UNGLINGA 1995

Norðurlandamót unglings fór fram í Turku í Finnlandi 17. – 19. mars 1995. Keilusambandið sendi eftirfarandi sex drengi og tvær stúlkur til keppni. Kristján Sigurjónsson stóð sig mjög vel og endaði í 13. sæti, hann lék að meðaltali 191,85 í 20 leikjum sem er mjög góður árangur.

Arnar Halldórsson	f. 1977	Keilufélagi Reykjavíkur
Andrés Júlíusson	f. 1976	Keiludeild KR
Jón Þór Pétursson	f. 1979	Keilufélagi Reykjavíkur
Kristján Sigurjónsson	f. 1976	Keiludeild KR
Már Grétar Arnarson	f. 1978	Keilufélagi Suðurnesja
Sigurður Borgar Bjarnason	f. 1978	Keilufélagi Suðurnesja
Karen Hilmarsdóttir	f. 1977	Keilufélagi Suðurnesja
Sigríður Rut Hilmarsdóttir	f. 1978	Keiludeild KR

FARARSTJÓRAR: Guðmundur Kristófersson og Ingiber Óskarsson

LOKANIÐURSTÖÐUR, staða einstaklinga:

Nr.	Piltar		Meðaltal
1	Michael Ahlqvist	S	208,32 NORÐURLANDAMEISTARI 1995
2.	Sami Rauhaniemi	F	207,50
3.	Jani Partanen	F	202,59
13.	Kristján Sigurjónsson	Í	191,85
24.	Arnar Halldórsson	Í	177,65
27.	Sigurður Borgar Bjarnason	Í	166,00
28.	Jón Þór Pétursson	Í	164,30
29.	Már Grétar Arnarson	Í	161,30
30.	Andrés Júlíusson	Í	153,95

Nr.	Stúlkur:		Meðaltal
1	Camilla Nilsson	S	198,27 NORÐURLANDAMEISTARI 1995
2	Heidi Larnia	F	193,45
3.	Kamilla Kjeldsen	D	191,27
22.	Karen Hilmarsdóttir	Í	165,80
24.	Sigríður Rut Hilmarsd.	Í	158,35
25.		N	
26.		N	

NORÐURLANDAMÓT 1995

Norðurlandamótíð var haldið hér á landi 1. – 4. febrúar 1995. Þetta er langstærsta verkefni sem Keilusambandið hefur ráðist í. Nokkur óvissa var í upphafi um keppnisaðstæður en breytingar stóðu yfir í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. Salurinn var að mestu tilbúinn um jólin en mikil vinna var eftir varðandi undirbúning keppnisaðstæðna. Mikil vinna var lögð í að finna út þann olíuburð sem nota átti í mótinu og hvernig hægt væri að hreinsa olfu af brautunum þannig að gott væri. Að endingu var fengin lánuð olíuvél ofan af Keflavíkurflugvelli sem bæði hreinsaði og bar á brautirnar.

Mótshaldidið tókst með ágætum og voru gestirnir ánægðir með framkvæmdina. Kostnaður við mótið var um 770.000,- kr. og tekjur á móti um 630.000,- kr. Með góðra manna hjálp, mikilli vinnu og miklum velvilja allra þeirra sem til var leitað, þá tókst mótið með ágætum og getum við verið stolt af mótsaldinu. Norðurlöndin hafa ítrekað hrósað okkur fyrir mótsaldidið og hafa t.d. öll óskað eftir forritinu sem við notuðum.

Hingað komu 71 þáttakandi frá hinum Norðurlöndunum, keppendur, þjálfarar, stjórnarmenn og stuðningsfólk.

Ef til vill voru ekki allir ánægðir með skorið á heimavellinum, þó hafa okkar bestu keilarar bætt sig verulega og það munaði ekki miklu að Elín kæmist í 12 manna úrslitin og ekki var minni spenna í liðakeppninni en þar máttu Finnarnir hrósa happi fyrir að komast áfram.

Við höfum flest lært mikið af því að halda þetta móti og það er ekki síður ánægjulegt að sjá hvað margir íslenskir keilarar hafa lært af þeim keilurum sem hingað komu. Eitt er þó víst að aldrei hefur verið jafnmikið fjallað um keilu í fjöldum og í kringum Norðurlandamótíð en sýnishorn af því fylgir hér aftast í skýrslunni.

ERLEND SAMSKIPTI

Mikið samstarf hefur verið á milli Norðurlandanna og hefur það þróast út í reglulega ársfundi þar sem unnið er að málum sambandanna. Síðasti fundur var haldinn í Gautaborg í mars sl.

Meðal þeirra málefna sem unnið er að má nefna:

1. Útgáfa mótaskrár yfir helstu móti
2. Hvernig Norðurlöndin geta haft áhrif á starf Evrópusambandsins.
3. Kennsla og kennsluefnir.
4. Tækninámskeið – brautarmeðhöndlun.
5. Norðurlandamet – Skráning – Reglur.
6. Stöðulisti keilara.
7. Sjónvarpsmóti.
8. Keppnisréttur á milli landa.
9. „Evróputúrin“.
10. Hvernig á að annast félagsmennina.
11. Samstarf um skipti tölvuforrita.
12. Fréttabréf.

Auk þessa má nefna nýja landskeppni unglingsa 18–23 ára. Fyrsta mótið verður í Oslo í haust þann 28. september. Gert er ráð fyrir fjórum piltum og fjórum stúlkum auk þjálfara.

Mótið verður ekki með hefðbundnu sniði heldur verður tíminn einnig notaður til almennar kennslu.

Auk samstarfs við Norðurlöndin þá höfum við tekið þátt í samstarfi alþjóðsamtakanna FIQ og WTBA. Formaður KLÍ hefur sótt fundi samtakanna sem haldnir hafa verið í tengslum við Evrópumót þar sem við höfum tekið þátt í. Síðasta þing var Evrópuþing FIQ sem haldið var í Róm í tengslum við Evrópubikarmót einstaklinga síðastliðið haust.

PJÁLFARAMÁL

Þrír þjálfarar fóru héðan á námskeið sem danska keilusambandið hélt síðastliðið summar. Leiðbeinandi var *Fred Borden* aðalþjálfari Team USA en þátttakendur voru frá öllum Norðurlöndunum. Væntanlegar eru vídeóspólur og gögn frá Dönum en verulegur dráttur hefur verið á þeirri sendingu.

Arne Jeppsson þjálfari unglingslandsliðs Svíu kom til landsins í ágúst og var með almenn námskeið fyrir keilara auk þess sem hann aðstoðaði landsliðsnefnd. Þetta er í annað skiptið sem Arne kemur hingað en auk þjálfunar hefur hann aðstoðað við gerð kennslugagna.

NORRÆNAR UGLINGABÚÐIR

Á síðasta ári sendum við unglingu í sumarbúðir í Álaborg í Danmörku. Í þessum búðum gefst 10 unglingum frá hverju Norðurlandanna kostur á að fá þjálfun og keppa við unglingu frá hinum Norðurlöndunum, auk þess að taka þátt í fjölbreyttum félagsstörfum. Næst verða slíkar sumarbúðir haldnar í Svíþjóð í summar. Þessar sumarbúðir þykja hafa tekist mjög vel og verið góð uppbygging bæði fyrir unglingana og þjálfara sem hafa ferið með í ferðina.

LANDSLIÐIN – ÞÁTTTAKA Í MÓTUM ERLENDIS

Rekstur landsliðs var stór útgjaldaliður á árinu. Vegna breytinga á keppnistíma Evrópubikarmóts einstaklinga þá voru tvær slíkar ferðir á árinu en stærsta ferðin var til Hollands þegar karla- og kvennalandsliðin fóru á Evrópubikarmót liða.

Landsliðsmálin eru stór og mikilvægur málaflokkur. Hann er hvati allra keppniskeilara og því þarf að vanda vel til verka.

Landsliðsnefnd hefur verið að endurskoða málefni landsliðanna. Þjálfaramálin eru í endurskoðun og m.a. eru uppi hugmyndir um að setja lágmark fyrir þátttöku og taka mið af fyrri móturnum. Það er því ekki ólfsklegt að breytingar geti orðið á næstunni.

Þátttaka KLÍ í móturnum erlendis ræðst af fjárhagsstöðu hverju sinni og hversu sterku liði keilara er hægt að tefla fram. Gangi allt að óskum er reiknað með að senda þátttakendur á eftirtalin móti :

- Heimsmeistaramót alþjóða keilusbandsins í Reno í Bandaríkjunum í júní 1995.
- Evrópubikarmót einstaklinga í Hollandi í september 1995.

- Norðurlandamót unglings 18 – 23 ára í Oslo í lok september 1995.

ÚTGÁFU- OG FRÆÐSLUMÁL

Keiluhættirnir á Stöð 2 hafa verið á hverjum sunnudegi í veturn og hefur það verið góð kynning fyrir keiluna.

Það sem gefið var út þennan veturn, var mótabókin, sem nú kom út í október og ný útgáfa af reglubókinni, sem kom út um svipað leiti.

DÓMARAMÁL

Dómaramálin komust ekki í það form í veturn sem stefnt var að. Það var ekki auðvelt að fá menn til að taka að sér námskeiðhald og aðrir drukknuðu í vinnu vegna Norðurlandamótsins.

Nú er áætlað að dómaramánskeið verði í byrjun september og væntanlega verða málin í betra horfi á næsta tímabili.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

**ÁRSREIKNINGUR
1994**

EFNISYFIRLIT

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA	2
REKSTRARREIKNINGUR	3
EFNAHAGSREIKNINGUR	4
SKÝRINGAR	5

ÁRITUN FÉLAGSKJÖRINNA ENDURSKOÐENDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Keilusambands Íslands fyrir árið 1994. Við endurskoðunina voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi nægilega glöggja mynd af rekstri sambandsins á árinu 1994 og efnahag þess 31. desember 1994.

Reykjavík, 28. apríl 1995.



Guðni S. Gústafsson



Pétur Helgason

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 1994

REKSTRARTEKJUR:

	Skýr.
Skráningargjöld Íslandsmót liða 1994-1995	795.000
Önnur skráningargjöld liða	70.400
Skráningargjöld vegna allsherjarmeðaltals	133.870
Keppnisgjöld deildarliða	4.182.300
Tekjur vegna námskeiða	76.500
Tekjur vegna árshátförar, nettó	79.300
Tekjur vegna happadrættis, nettó	172.000
Tekur vegna sölu á WC-pappír, nettó	111.093
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	707.489
Norrænn styrkur vegna landsliðs	43.380
Styrkur frá KFR	108.000
Styrkur frá KGB	24.000
Lottó - tekjur	986.277
Rekstrartekjur alls	7.489.609

REKSTRARGJÖLD:

Keppnisgjöld deildarliða	4.182.300
Brautarleiga vegna móta og æfinga	75.884
Ferðakostnaður og þáttökugjöld vegna móta erlendis	1.903.352
Keppnisbúningar	53.731
Mótabækur og leikskýrslur	98.868
Námskeiðahald	379.123
Verðlaunagripir	398.793
Skrifstofukostnaður	5 233.300
Annar rekstrarkostnaður	6 501.540
Afskriftir	2 59.594
Rekstrargjöld alls	7.886.485
Rekstrargjöld umfram rekstrartekjur	(396.876)

FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):

Vaxtatekjur	8.329
Vaxtagjöld	(2.501)
Hreinar fjármunatekjur	5.828

REKSTRARHALLI ÁRSINS	(391.048)
----------------------------	------------

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1994

EIGNIR

VELTUFJÁRMUNIR:

	Skýr.
Bankainnstæður	3 224.234
Óinnheimtar tekjur	4 919.000
Viðskiptakröfur - ÍSÍ	33.949
Rekstrarvörubirgðir	37.500
	<hr/>
	1.214.683

FASTAFJÁRMUNIR:

Olíumælingavél	73.666
Skrifstofuvélar og áhöld	116.316
	<hr/>
2	189.982
	<hr/>
	EIGNIR SAMTALS
	<hr/> <u>1.404.665</u>

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

SKAMMTÍMASKULDIR:

Ógreiddur kostnaður	401.621
	<hr/>
Skuldir samtals	401.621

EIGIÐ FÉ:

Stofnfé	100.000
Óráðstafað eigið fé 01.01.1994	1.294.092
Rekstrarhalli ársins	(391.048)
	<hr/>
	SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS
	<hr/> <u>1.404.665</u>

S K Ý R I N G A R

ÝMSAR UPPLÝSINGAR

1. Keilusamband Íslands var stofnað 29. júní 1992.
2. Skrifstofubúnaður er afskrifaður um 20% af upphaflegu kostnaðarverði í 12 mánuði. Nemur afskriftin kr. 35.038. Olfumælingavél er einnig afskrifuð um 20% í 12 mánuði, eða um kr. 24.556. Afskriftir nema því samtals kr. 59.594.

SUNDURLIÐANIR

3. Bankainnstæður:

Sparisjóður vélstjóra, sér - tékkareikningur	7.322
Sparisjóður vélstjóra, trompbók	112.687
SPRON - öryggisbók	104.225
	<hr/>
	224.234

4. Óinnheimtar tekjur:

Keilufélag Reykjavíkur	315.000
Keilufélag Garðabæjar	195.000
Keilufélag Suðurnesja	289.000
Keiludeild K.R.	90.000
Íþróttafélag heymarlausra	30.000
	<hr/>
	919.000

5. Skrifstofukostnaður:

Húsaleiga	56.268
Pappír, prentun og ritföng	65.152
Símakostnaður og burðargjöld	42.584
Viðhald skrifstofuáhalda og hugbúnaðar	41.046
Kostnaður vegna funda	28.250
	<hr/>
	233.300

6. Annar kostnaður:

Félagsgjöld	93.334
Fræðsluefní	16.714
Auglýsingar	10.835
Fánar KLÍ	19.950
Merki og logo KLÍ	73.048
Fræðslupættir og tímarit	247.326
Pallar vegna NM-95	7.750
Ýmislegt	32.583
	<hr/>
	501.540

FJÁRHAGSÁÆTLUN KLÍ FYRIR STARFSÁRIÐ 1995

TEKJUR

Tekjur af Lottó	900.000,-
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	850.000,-
Þáttiökugjöld af móturnum	1.100.000,-
Auglýsingar	150.000,-
Skráningargjald í allsherjarmeðaltal	200.000,-
Auglýsingar, styrkir, safnanir v/ferða	1.760.000,-
Brautarleiga í móturnum	4.900.000,-
Tekjur v/Norðurlandamóts	<u>630.000,-</u>

Tekjur alls 10.490.000,-

GJÖLD

Ferðakostnaður	2.500.000,-
Útgáfustarf	150.000,-
Námskeið	300.000,-
Styrkir v/unglingastarfsemi	300.000,-
Verðlaun	400.000,-
Árgjald FIQ WTBA	100.000,-
Skrifstofukostnaður	250.000,-
Húsaleiga	60.000,-
Annar kostnaður	100.000,-
Brautarleiga í móturnum	4.800.000,-
Útbreiðslu- og kynningarstarf	300.000,-
Kostnaður v/Norðurlandamóts	<u>770.000,-</u>

Gjöld alls 10.030.000,-

Tekjur umfram gjöld 460.000,-